

M-127/2011. Álit 12. apríl 2012.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. apríl 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-127/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. desember 2011 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y. Álitsbeiðandi telur bifreiðina haldna göllum og krefst þess að seljandi greiði fyrir viðgerð á bifreiðinni.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Hinn 29. desember óskaði kæruneftndin eftir gögnum um bifreiðarkaupin og viðgerða á henni. Hafa nefndinni aðeins borist tvær kvittanir og skoðunarvottorð bifreiðarinnar. Þrátt fyrir að hafa sérstaklega óskað eftir afriti af kaupsamningi bifreiðarinnar hefur hann ekki borist. Álitur nefndin því að óhjákvæmilegt sé að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni með heimild í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin tekur fram að þrátt fyrir það að álitsbeiðninni hafi verði vísað frá getur álitsbeiðandi sent kæruneftndinni nýja beiðni um álit fylgi henni þau gögn sem beðið var um þann 29. desember 2011.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir